

Varnir gegn myndun þrýstingssára

Öryggi sjúklinga á gjörgæslu- og vöknunardeildum


Fjöl margar rannsóknir benda til að efla þurfi öryggi sjúklinga á sjúkrastofnunum. Þrýstingssár eru meðal þeirra gæðavísa sem notaðir eru til að meta þjónustu gjörgæslu- og vöknunardeilda.

Allir gjörgæslusjúklingar eru í mikilli áhættu fyrir myndun þrýstingssára.

- Aðgerðum til að fyrirbyggja þrýstingssár er beitt strax við innlögn sjúklings á gjörgæsludeild eða vöknun.
- Sjúklingar eru ávallt metnir með tilliti til þrýstingssára við hverja legubreytingu og hagræðingu.
- Þrýstingssár eru stiguð samkvæmt EPUAP og skráð í atvikaskráningargrunn.

Fyrirbyggjandi aðgerðir:

- Loftdýna, loftpúðarúm.
- Legubreytingar eða snúningur á < 2 klst. fresti (30 gráðu hliðarlega, 30 gráðu hækkan höfuðlags).
- Hælar á lofti.
- Ekki sitja hærra uppi en 30 gráður, ef hærra þá hækka til fóta og takmarka tíma við < 2 klst.
- **Þeir sem ekki er hægt að snúa:** Létta þrýstingi af rófubeini á < 2 klst. fresti og snúa höfði oftar.
- **Hliðarlega:** Forðast þrýsting á trochanter svæði.
- Forðast raka við húð en viðhalda eðlilegum raka-ofnæmisprófuð rakakrem.
- Forðast núning og tog.
- Nota sem sjaldnast undirbreiðslur, bleyjur eða nærbuxur.
- Verja áhættusvæði s.s. hnakka, eyru, olnboga- séstök aðgát hjá sjúklingum með mikinn bjúg og/eða lágan blóðþrýsting.
- Forðast þrýsting á húð frá t.d. snúrum, slöngum, gipsi, spelkum eða hálskraga.



Stigun þrýstingssára samkvæmt skilgreiningum EPUAP

- 1 stig:** Roðablettur á órofinni húð sem ekki hvítnar þegar þrýst er á með fingri. Einnig getur fólvi í húð, hitastigsbreyting, bjúgur og hersli verið merki um byrjandi þrýstingssár, einkum hjá einstaklingum með dökkan hörundslit.
- 2 stig:** Vefjaskemmd sem nær inn í eða að leðurhúð (*dermis*). Um er að ræða yfirborðssár sem birtist sem fleiður eða blaðra.
- 3 stig:** (*Fullþykktar*) sár með vefjaskemmd eða drepri sem nær niður í undirhúð (*subcutis*) allt að undirliggjandi bandvefshimnu (*fascia*) en ekki í gegnum hana.
- 4 stig:** Umfangsmikil vefjaskemmd eða drep í vöðvum, beinum og aðliggjandi vefjum, sem getur verið til staðar án þess að húð sé rofin.